



Mýrdalshreppur

Reglur um heimagreiðslur í Mýrdalshreppi

1. grein

Mýrdalshreppur samþykkir að greiða sérstakar heimagreiðslur til forráðamanna barna þar til barn fær boð um leikskólavist. Einstæðir foreldrar eiga rétt á heimagreiðslu þegar barn nær 9 mánaða aldri en foreldrar í hjúskap eða sambúð þegar barn nær 12 mánaða aldri.

2. grein

Barn og forráðamenn þess skulu hafa lögheimili og búsetu í Mýrdalshreppi.

3. grein

Sækja skal um heimagreiðslur á umsóknareyðublaði sem er að finna á vefsíðu sveitarfélagsins www.vik.is eða á hreppsskrifstofunni og skal skilað þangað.

Umsókn er aldrei afturvirk.

4. grein

Heimagreiðslur eru veittar frá næstu mánaðarmótum eftir að umsókn er móttækin ef barnið hefur náð aldri til úthlutunar og það hefur ekki fengið pláss á leiksóla Mýrdalshrepps.

5. grein

Heimagreiðslur eru kr. 70.000 á mánuði með hverju barni. Greiðslur þessar skulu endurskoðaðar árlega. Heimagreiðslur fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári.

6. grein

Heimagreiðslur eru greiddar eftir á og miðast við að greitt sé út fyrir miðjan næsta mánuð.

7. grein

Heimagreiðslur falla niður ef foreldrar fá boð um leikskólavistun í leikskóla Mýrdalshrepps, hvort sem leikskólavist er þegin eða henni hafnað.

8. grein

Umsóknir um heimagreiðslur skal endurnýja árlega.

9. grein

Foreldrar sem skulda eldri gjöld hjá Mýrdalshreppi fá ekki greiddar út samþykktar heimagreiðslur fyrr en skuldin er að fullu greidd.

10. grein

Verði um ofgreiðslur að ræða á heimagreiðslum áskilur Mýrdalshreppur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli rangra upplýsinga, eða umsækjandi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum, sem hafa áhrif á rétt til heimagreiðslna er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Mýrdalshrepps 21. september 2017 og taka gildi frá þeim degi.